

44. fundur

Skipulags- og byggingarnefnd hélt fund miðvikudaginn 19. mars 2003 kl. 17:00 í fundarsal Ráðhússins.

Mættir voru: Gretar D. Pálsson,
Dagný Þórisdóttir,
Guðmundur Kristinsson,
Þorgrímur Kristinsson,
Kristján Gunnlaugsson,
Þorbergur Bæringsson, Slökkvistjóri,
Sveinn Björnsson, byggingarfulltrúi.

Formaður Gretar D. Pálsson setti fund og stýrði.

1. Deiliskipulag, Gamli bærinn.

Tekið var fyrir Deiliskipulag fyrir gamla bæinn,. 2 athugasemdir bárust og voru þær teknar fyrir.
Athugasemdir bárust frá
Herði Sigurðssyni og Iddu Jófríði Þorleifsdóttur Þvergötu 6 og
Björgvini Ólafssyni Laufásvegi 4.
Rætt verður frekar við ofangreinda aðila.
Mælt er með að deiliskipulagið verði samþykkt óbreytt.

2. Löggilding iðnmeistara.

*Jóhann Steinsson kt. 071245-3659 sækir um löggildingu sem
húsasmíðameistari í umdæmi Stykkishólmsbæjar.
Erindið samþykkt samhljóða, leyfisgjald 2.500 kr*

3. Bókhlöðustígur 9. Umsókn um staðsetningu á kofa.

*Erindinu hafnað. Byggingarfulltrúa falið að ræða við umsækjanda
um annan mögulegan stað.*

4. Umsókn um leyfi til reksturs og staðsetningar á pylsuvagni.

*Sæþór Þorbergsson og Einar Gunnarsson sækja um leyfi til reksturs
og staðsetningar á pylsuvagni samkv. bréfi dags. 12.02.2003
Erindið samþykkt samhljóða með því skilyrði að staðsetning sé
hverju sinni í samráði við byggingarfulltrúa*

5. Ásklif ehf. sækir um leyfi til að setja niður 20' gám við Nesveg 13.

Erindið samþykkt samhljóða, leyfisgjald 2.500 kr.

6. Skólastígur 18. Sótt um leyfi til stækkunar á bílskúr

Ægir Jóhannsson. Sækir um leyfi til stækkunar á bílskúr, samkv. bréfi dags. 18.02.2003 og teikningum Ægis Jóhannssonar. Erindið samþykkt samhljóða, byggingarleyfisgjald .

7. Bygging á almenningssalerni.

Stykkishólmsbær sækir um leyfi fyrir almenningssalerni við hafnarvog í Stykkishólmi. Erindinu frestað og hönnuði falið að athuga nýtingu á kvennaklósetti.

8. Önnur mál.

1. Skólastígur.

Erindi vísað frá bæjarráði um staðsetningu gangbrautar við vestur horn grunnskólans, yfir Skólastíg að gangstétt við dvalarheimilið. Erindið samþykkt samhljóða og minnt á fyrri samþykkt um einstefnu á Skólastíg.

2. Höfðagata 21.

Þórbjörg Árný Oddsdóttir sækir um leyfi til að fjarlægja reykháf. Erindið samþykkt samhljóða.

3. Lágholt 11.

Sævar Harðarsson sækir um leyfi til að fjarlægja reykháf. Erindið samþykkt samhljóða.

4. Lágholt 23.

Hafðís Bjarnadóttir sækir um leyfi til að láta trillu standa tímabundið á lóðinni neðanvert við húsið sitt. Erindið samþykkt samhljóða, leyfisgjald 2.500 kr.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið kl. 18:00

Gretar D. Pálsson (sign.),

Dagný Þórisdóttir (sign.),

Guðmundur Kristinsson (sign.),

Þorgrímur Kristinsson (sign.),

Kristján Gunnlaugsson (sign.),

Þorbergur Bæringsson (sign.),

Sveinn Björnsson (sign.).